

Ed.

569. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Höfundur hver á eignarrétt á því, er hann hefur samið eða gert. Hann hefur því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á:

- a. að birta og gefa út rit sín, skrifuð, prentuð eða margfölduð á hvern hátt sem er, þýða þau, sýna þau á leiksviði eða í kvikmynd, lesa þau upp, flytja í útvarp eða hagnýta þau eða koma á framfæri með öðrum hætti; þetta gildir jafnt um allt ritað mál, ræður og erindi (sbr. þó 2. málsg. 8. gr. og niðurlag 13. gr.), svo og tónsmíðar allar,
- b. að gera eftirlíkingar (kopiur), ljósmyndir eða aðrar eftirmyndir af verkum sínum, svo sem höggmyndum, skurðmyndum, málverkum, teikningum og hvers konar uppdráttum, ljósmyndum, listsmíði, fyrirmyndum og hverju því verki, sem höfundarréttur getur fylgt, svo og að margfalda slíkar eftirmyndir til sölu, auglýsinga eða hagnaðar á nokkurn hátt,
- c. að sýna opinberlega slíkt verk, sem í b-lið greinir, í hvaða skyni sem er, séu þau í einkaeign; þetta gildir þó ekki um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum og reglur verið settar um það efni, og skal þá heimilt, án sérstaks leyfis hverju sinni, að lesa upp og flytja í útvarp einstök kvæði, smásögur, ritgerðir eða kafla úr ritum, svo og að syngja eða leika einstök lög og tónverk, sem út hafa verið gefin, eða kafla úr þeim, enda sé þá fullnægt settum skilyrðum um rétt höfundar og greiðslu til hans. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar og áskilinn er í hinum almennu reglum eða samningum, en hvorki meiri né minni; sama er, ef höfundarréttur er kominn öðrum í hendur.

Einstök kvæði, sögur, ritgerðir og kafla úr ritum, svo og einstök lög og kafla úr tónverkum, sem út hafa verið gefin, má hafa um hönd án allra kvaða á samkomum,

sem haldnar eru í góðgerðaskyni, eða til þess eingöngu að kynna menntir þjóðarinnar, eða til mannfagnaðar aðeins, enda komi þá engin greiðsla fyrir flutninginn; svo og á samkomum félaga eða skóla, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærrí en svarar beinum tilkostnaði. Danslag má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki.

Söngfélög og aðrir, er hafa með höndum tónlistarstarfsemi án þess þeir taki sérstaka greiðslu fyrir, skulu og njóta undanþágu samkvæmt ákvæðum síðustu málsgreinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, þá er settar hafa verið reglur samkvæmt 1. málsg. 2. gr. og menntamálaráðherra hefur staðfest þær.

4. gr.

Lög nr. 11 22. okt. 1912 eru úr gildi felld.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, sbr. 3. gr., skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentarétt, og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um höfundarétt og prentarétt.